

Brynhildur G. Flóvenz
28. sept 1995

Hugmyndir um breytingar á fæðingarorlofi

Eins og málum er nú hártað eiga feður ekki neinn sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs og greiðslna vegna þess. Þessi réttur er alfarið afleiddur af rétti móður og háður samþykki hennar. Markmiðið með tillögum mínum er einkum tvenns konar. Í fyrsta lagi er það af almennum jafnræðissjónarmiðum óviðunandi að helmingur foreldra standi utan við allan rétt. Hér er um mismunun að ræða sem hittir karla illa og gengur þvert á sjónarmið um jafnræði borgaranna. Í öðru lagi virðist sú staðreynd að konur fara í fæðingarorlof, standa í vegi fyrir þeim í starfi, bæði hvað varðar stöðuveitingar og launahækkanir. Jafnframt gerir þessi verkaskipting, sem verður strax við fæðingu barns, það að verkum að barnið verður tengdara móður og foreldrarnir standa strax frá upphafi ójfnt að vígi. Þetta leiðir oftast til þess að barnið verður að meira eða minna leyti á ábyrgð móður, en sú ábyrgð stendur svo aftur í vegi fyrir henni á vinnumarkaðnum.

Öllum finnst sjálfgefið og náttúrulegt að fólk þurfi ákveðna hvíld á hverjum degi, þannig erum við nú einu sinni sköpuð. Jafn náttúrulegt og eðlilegt er það að börn fæðist og að þau séu háð umönnun foreldra fyrstu mánuðina. Mjög mikilvægt er að mínu mati að um fæðingarorlof verð rætt á þessum nótum, þ.e. jafn sjálfsgagt og eðlilegt og það að fólk þarf svefn eða fer í sumarleyfi. Má þar nefna að fólk fer í sumarleyfi í að meðaltali 47 mánuði á starfsævinni, en hins vegar einungis í 6,6 mánuði að meðaltali í fæðingarorlof! Vandamálið er auðvitað fyrst og fremst það að það eru nær eingöngu konur sem nú fara í fæðingarorlof en það eru bæði karlar og konur, sem fara í sumarleyfi eða þurfa að sofa!

Tillögur:

1. Stefnt verði að níu mánaða fæðingarorlofi. Nauðsynlegt er að gera það í áföngum vegna aukins kostnaðar sem af því hlýst. Hvorugt foreldra geti þó tekið meira en 6 mánuði. Takið faðir t.d. ekki orlof fellur það einfaldlega niður.
2. Nauðsynlegt er að hafa sveigjanleika í framkvæmdinni. Þannig verði fólk í sjálfsvald sett hvernig það skiptir með sér fæðingarorlofinu, vinni hvort um sig hálfan daginn, annan hvern mánuð o.s.frv. allt eftir samkomulagi við vinnuveitanda.
3. Foreldrar haldi óskerum launum í fæðingarorlofi, sem greiðist úr fæðingarorlofssjóði.
4. Stofnaður verði sérstakur fæðingarorlofssjóður. (getur verið hluti tryggingargjalds) Í hann greiði vinnuveitendur 0,02% af tekjum starfsmanna sinna. Þetta jafngildir u.p.b. 25.000 á hvern starfsmann á ári. Þetta er miðað við að ríkið taki engan þátt í greiðslum vegna fæðingarorlofs og að fæðingarorlofið sé 9 mánuðir. Eðlilegt er að Tryggingastofnun greiði þau 360.000.- sem nú eru greiddar með hverju barni m.v. fullt fæðingarorlof í þennan sjóð meðan hann er að ná því að standa sjálfur undir greiðslunum.

Tölulegar upplýsingar, sem liggja til grundvallar:

1. Hver einstaklingur eignast að meðaltali 1,1 barn á ævinni
2. Meðaltekjur eru u.p.b. 1.200.000 á ári
3. Fjöldi fæðinga á ári er u.p.b. 4.600
4. Meðalstarfsævi er u.p.b. 40 ár (?)
5. Meðalkostnaður við hvern einstakling sem fer í fæðingarorlof er 900.000 m.v. 9 máan.

Spurningar

- 1) Á vörbotum eru fæðingar sem felli nánar et fæði tekrar þar aðrei. Hvaðun einstaka með? Er hegt það fæði í spelfstæðum fæði et vörbotum feler aðrei nánar et öryggi?
 - 2) Hvað er Íslas með því sem ekki er í Vinnuveitunni, húsnæði og námsmánum? Eiga þessi höggir Það er gríðarlega ógildi.
- ⇒ Hugsemiðgjög lausn um Það er gildi með húsgjöldum boraði en legmurkastytla, reiknings um friði því hvort það kostar að eignast boraði. Síðan fái þær sem ekki er í Vinnuveitunni ófari í því uppi í full færri í gjöldum.
- 3) Er hér rítt um Það er losni sínar sá með undan því að teke ábrysst í boraði? Af þessi ábrysst ferist því miklu yfir í Vinnuveitunni og launþegi

Kristín Einarsdóttir, 30. sept. 1996
Undibúningur fyrir landsfund.

Fæðingarorlof

Allt frá stofnun Kvennalistans hefur áhersla verið lögð á lengingu fæðingarorlofs og aukinn rétt kvenna til að halda launum sínum í orlofi vegna barnsburðar. Einnig hefur Kvennalistinn lagt áherslu á að feður taki fæðingarorlof bæði tengsla milli föður og barns og ekki síður til að vinnumarkaðurinn líti ekki á konur sem óæskilegri vinnukraft vegna „hættu“ á að þær eignist börn. Í stefnuskrá Kvennalistans fyrir síðustu kosningar stendur aðfæðingarorlofssjóð ??????. Útfærslu vantar.

Konur (foreldrar) sem vinna hjá hinu opinbera og bönkum hafa rétt á fæðingarorlofi á launum. Aðrir foreldrar (konur) fá fæðingarstyrk og þeir sem vinna á almennum vinnumarkaði einnig fæðingardagpeninga. (54 þús/mán ????). Einstaka starfsstétt hefur á alm. vinnum. hefur samið um full laun í fæðingarorlofi.

1. Fæðingarorlof verði lengt í 9 mánuði í áföngum (1 mán á ári)

A. Foreldrar geta skipt með sér fæðingarorlofi, þó þannig að konan taki alltaf 3 mánaða orlof í tengslum við fæðingu barns.

Með þessu móti er á engan hátt tryggt að karlar taki fæðingarorlof. Ef lögð er áherla á slíkt verðuir að reyna að tryggja það með öðru móti. Aðeins er verið að tryggj að konan fái ákveðinn tíma til að jafna sig eftir fæðingu. Athuga hvort rétt erað setja inn að kona eigi rétt á að taka fæðingarorlof 1 mán. fyrir áætlaða fæðingu barns.

B. Foreldrar geta skipt með sér fæðingarorlofi, þó þannig að hvort um sig getur að hámarki tekið 6 mánuði.

Með þessu er reynt að tryggja að faðir taki a.m.k. 3 mánuði annars falli rétturinn niður. Líklegt er að þetta muni örva feður að taka allt að 3 mán. fæðingarorlof.

C. Foreldrar geta skipt með sér fæðingarorlofi, þó þannig að faðir verður að taka a.m.k. 1 mánuð annars styttist fæðingarorlof sem því nemur.

Sama og B en miðað við að aðeins falli niður einn mánuður í stað 3 ef faðir tekur ekki orlof. Með B. og C. verður fæðingarorlof styrra vegna ófæðraðra barna og einnig má búast við að þegar foreldrar búa ekki saman verði ekki líklegt að ferður taki ekki orlofið. Einnig þarf að huga að því hvort mæður hafi eitthvað um það að segja hvort barnið fari til föður ef þau búa ekki saman. Getur verið spurningum hvar barnið á að búa meðan faðir er í fæðingarorlofi.

D. Fæðingarorlof verði 9 mánuðir og foreldrar skipti því með sér eins og þeir sjálfir kjósa.

Með þessu er eins og í A alls enginn hvati fyrir feður að taka fæðingarorlof og varla hægt að búast við breytingum á núverandi ástandi.

2. Sveigjanleiki

Miða skal við að foreldrar geti tekið orlofið þannig að þau geti unnið hlutastarf (þó ekki minna en 50%) í fæðingarorlofi.

Athuga hvort ekki þarf að setja inn a.m.k. 3 mán fyrir konur í tengslum við fæðingu sbr. 1.A.

3. Fæðingarorlofssjóður

Hluti tryggingargjalds 0,02% renni í sérstakan sjóð sem sér um launagreiðslur í fæðingarorlofi. Endurskoða skal % reglulega (árlega, 5 ára fresti,???).

Með þessu móti er greitt jafnt af öllum starfsmönnum hvort sem þeir eru karlar eða konur og af öllum launum hvort sem um er að ræða dagvinnulaun, yfirvinnu eða bílastyrki.

4. Laun í fæðingarorlofi.

Allir sem taka fæðingarorlof fá greitt úr fæðingarfolssjóði mánaðarlega sem samsvarar meðaltali þeirra launa sem greitt hefur verið í sjóðinn þeirra vegna síðustu 12 (?) mánuði. Sótt skal um á sérstöku eyðublaði þar sem tekið er fram hvernig foreldrar hyggist skipta fæðingarorlofi.

Hér er gert ráð fyrir að allir sem hafa laun haldi þeim óskertum í fæðingarorlofi. Ekki falla niður yfirvinnugreiðslur sem eru viðvarandi né bifreiðastyrkir. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þeir sem ekki taka laun fái úr sjóðnum heldur verður að tryggja þá sérstaklega ef vilji er til þess..

5. Fæðingarstyrkur

Allir sem eignast börn fá kr. við fæðingu barns (ath. barna) Tryggingastofnun ríkisins sér um þessar greiðslur og eru þær fjármagnaðar úr ríkissjóði.

Þetta er hugsað til að koma til móts við foreldra vegna kosnaðar í tengslum við fæðingu barns. Allir fá jafnar greiðslur óháð atvinnuþáttöku.

* Fara þarf yfir allar tölur og %.

* Athuga hvernig hægt er að tryggja fé í upphafi til að fjármagna sjóðinn í upphafi.

* Það verður að fara vel yfir þau rök sem mæla með og á móti því að heimavinnandi fái/fái ekki fæðingarorlof

Steinunn V. Óskarsdóttir
27.sept 1996

Hugleiðingar varðandi hugmyndir um breytingar á fæðingarorlofi.

Kvennalistinn kemur fram með útfærðar tillögur að breytingum á fæðingarorlofi sem miða að því að jafna rétt allra til töku fæðingarorlofs.

- a) Fæðingarorlof verði 9 mánuðir en hvorugt foreldri geti tekið meira en 6 mánuði þannig að ef faðir t.d. vill ekki taka fæðingarorlof þá fellur það niður. Með þessu er í raun verið að þvinga karla til að taka 3 mánaða sjálfstætt fæðingarorlof. Þ.e.a.s þeir sem vilja taka fæðingarorlof stendur það til boða. Fæðingarorlof verði sveigjanlegt þannig að foreldrar geti skipt orlofinu á milli sín ef þau vilja.
- b) Foreldrar haldi fullum launum í fæðingarorlofi ef þeir hafa stundað 100% vinnu, annars hlutfall af vinnuframlagi. Greiðslur komi úr fæðingarorlofssjóði. Er eðlilegt að vinnuveitendur greiði einir í fæðingarorlofssjóð? Væri hægt að hugsa sér framlag frá atvinnurekanda og síðan mótframlag frá launþega líkt og gert er með lífeyrissjóðsgreiðslur. Ef þessi leið yrði farin má ætla að um þessar hugmyndir náist betri sátt, þ.e. að vinnuveitendur þurfi ekki einir að borga kostnað.

Annað:

Hvað á að gera við þá einstaklinga sem eru heimavinnandi? Má hugsa sér að þeir sein ekki eru á vinnumarkaði fái greiddan fæðingarstyrk við fæðingu barns en fengju að öðru leyti ekki greiðslur fyrir að eignast barn. Upphafleg hugmynd okkar um fæðingarorlof hlytur að grundvallast á því að fólk haldi óskertum tekjum sínum á meðan það er frá vinnu vegna fæðingu barns. Heimavinnandi fólk er ekki á vinnumarkaði og því er ekkert í mínum huga sem réttlætir það að fólk "græði" á því að fjölga mannkyninu.

Námsmenn þarf að meðhöndla á annan hátt. T.d. með því að þeim væri tryggður réttur úr fæðingarorlofssjóði sem grundvallaðist á upphæð námslána ??????